

Golfklúbburinn Setberg

Setbergi

221 Hafnarfjörður

www.gse.is



Ársskýrsla

2019

Setbergi 1. desember 2019

Skýrsla og áritun stjórnar

Að álit stjórnar Golfklúbbsins Setbergs koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að glöggva sig á stöðu félagsins 30. nóvember 2019, rekstrarreikningi frá 1. desember 2018 til 30. nóvember 2019 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Golfklúbbsins Setbergs staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.

Hafnarfirði, 2. desember 2019




Högni Friðbjólfsson




Pétur Einarsson




Þórarinn Sófússon



Sigrún Eir Héðinsdóttir



Elín Reynisdóttir



Fríða Björg Leifsdóttir



Karl Ísleifsson

Golfklúbburinn Setberg

Efnahagsreikningur ársins 2019


Eignir	2019	2018
Fastafjármunir:		
Sláttuvélar 2011	55.000	550.800
Golfbíll	22.500	91.800
Sláttuvélar 2012	75.000	306.000
Æfingasvæði / malbikun	1.200.000	1.600.000
Nýtt hús	300.000	400.000
Brautarsláttuvél 2014	1.773.000	2.448.000
Boltavél	204.800	256.000
Gámur	447.392	650.752
Gámar, vélar og tæki	2.232.000	2.790.000
Brautarsláttuvél 2019	8.820.496	0
Sturtuvagn	483.000	0
WC - hús	350.000	0
Fastafjármunir samtals	15.963.188	9.093.352
Veltufjármunir:		
Banka innistæður Íslandsbanki	17.032.331	16.353.564
Banka innistæður Landsbankinn	238.936	3.424.280
Veltufjármunir samtals:	17.271.267	19.777.844
Eignir alls	33.234.455	28.871.196
Skuldir og Eigið fé		
Eigið fé		
Eigið fé flutt frá fyrra ári	28.971.196	25.297.114
Hagnaður	4.263.259	3.574.082
Eigið fé samtals	33.234.455	28.871.196
Skuldir		
Skuldir samtals	0	0
Skuldir og eigið fé alls	33.234.455	28.871.196

Setbergi 2. desember 2019




Pétur Einarsson gjaldkeri

Höfum yfirfarið efnahags- og rekstrareikning þennan og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.



Örn Andrésen



Einar Sigurðsson

Golfklúbburinn Setberg

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýring	2019	2018
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld innheimt hjá GK		25.972.891	25.578.700
Tekjur af sölu vallargjalda		8.637.500	4.097.500
Tekjur af æfingasvæði		245.000	272.000
Styrkir og framlög	1	2.925.000	2.425.000
Tekjur af mótum	2	1.802.000	1.430.500
Framlag ÍSÍ vegna Lotto		680.936	464.635
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna		67.692	58.422
Vaxtatekjur		239.800	231.266
Rekstrartekjur samtals		40.570.819	34.558.023
 Rekstrargjöld:			
Greitt til Keilis		7.000.000	25.578.700
Félagaskattur GSÍ		2.028.000	0
Sveitakeppni karla og kvenna	3	677.528	808.913
Umsjón skála		1.960.000	0
Verðlaun í mót	4	363.008	256.639
Kostnaður v/stjórnar nefnda		114.579	39.121
Innheimtukostnaður		127.607	19.247
Leiga á landi		5.662.471	0
Kaup / leiga vélum / landi		500.000	0
Leiga á geymsluhúsnæði		1.200.000	700.000
Laun og launatengd gjöld		3.630.252	0
Viðhald og rekstur vallar		1.153.066	214.719
Viðhald og rekstur véla		1.813.623	495.074
Rekstur skála		886.570	520.266
Nýtt WC hús		675.770	0
Stækkun golfskáli		5.098.728	0
Ræsing og umsjón		250.000	435.000
Afskriftir		3.017.720	1.885.838
Ýmis kostnaður		148.638	30.424
Rekstrargjöld samtals		36.307.560	30.983.941
Hagnaður ársins		4.263.259	3.574.082

Golfklúbburinn Setberg

Skýringar með rekstrarreikningi

2019

1. Styrkir og framlög

Hafnarfjarðarbær	800.000
Styrktar og auglýsingasamningar fyrirtækja	2.125.000
Samtals	2.925.000

2. Mótatekjur

Forkeppni bikars	49.000
Opna Under Armor	459.000
Jónsmessa	120.000
Meistaramót	433.000
Opna Setbergsmótið	490.000
Áskorandamót Íslandsbanka	158.000
Bændaglíma	93.000
Samtals	1.802.000

3. Sveitakeppni karla og kvenna

Þátttökugjald	215.000
Ferðir uppihald	462.258
Samtals	677.258

4. Verðlaun í mót

Meistaramótið	160.176
Önnur mót	202.832
Samtals	363.008

Golfklúbburinn Setberg Fjárfestingaráætlun 2020

Green sláttuvél	6.800.000
Vinnu golfbíll	1.500.000
Skipulagsvinna	500.000
Unglingastarf	500.000
Vallarmál (ruslatunnur,göngustígar og fl.)	1.000.000
Geymsluaðstaða	1.000.000
	<hr/> <hr/> 11.300.000

Skýrsla formanns

Tuttugasta og fimmta starfsári Golfklúbbsins Setbergs er nú lokið og verður hér getið þess helsta sem gerðist á árinu 2019.

Veður og vallarmál

Völlurinn var í frábæru ástandi í sumar. Völlurinn kom mjög vel undan vetri og engar voru skemmdir sjáanlegar. Flatirnar voru ótrúlega góðar og miðað við ástandið á þeim í haust ættu þær að verða góðar á næsta ári.

Gerður var samningur við Golfklúbbinn Keili sem tók að sér hluta af umhirðu vallarins ásamt því að sjá um innheimtu árgjalda. Golfklúbburinn Keilir átti að sjá um snöggslegin svæði, þ.e. teiga, brautir og flatir, en Golfklúbburinn Setberg átti að sjá um önnur verk. Vegna mikilla þurrka í sumar þurfti að leggja mikla áherslu á vökvun sem lenti að stórum hluta á starfsmönnum Golfklúbbsins Setbergs. Samstarfið hefur nú varað í tvö ár vegna innheimtu og umhirðu á vellinum. Skoða þarf og ræða kosti og galla á samstarfinu hjá báðum aðilum áður en tekin verður ákvörðun um framhaldið.

Veðrið í sumar var með ólíkindum gott a.m.k. framan af sumri. Um miðjan júní voru búnir að vera fleiri góðir golfdagar en allt árið á undan. Aðsóknin á völlinn var eftir þessu miklu betri en árið áður.

Að venju mættu margir félagar á hreinsunardeginum og tóku til hendinni. Á myndinni má sjá hópinn sem snyrti Böðvarslund.



Áburðar og lyfjagjöf á flatir á árinu

Köfnunarefni var úðað í formi Amóníum sulfats og Urea. Heildarköfnunarefnismagn var 54 kg á hektara. Úðað var í 7 gjöfum yfir tímabilið (6 – 11 kg á hektara í hvert skipti). Annar áburður var: 4 kg á hektara af kalí, 4 kg á hektara af fosfór og 13 kg á hektara af járnsúlfati.

Notast var við Primer Select vatnsmiðlunarefni á flatir. Úðað var í 3 gjöfum yfir tímabilið (13 lítrar á hektara í hvert skipti). Brugðist var við sýkingum í flötum með einni gjöf af lyfjum.

Flatir voru sandaðar tvisvar sinnum yfir tímabilið, vor og haust. Ekki var sandað oftari yfir sumarið vegna þurrka.

Ekki var þörf á yfirsáningum en sáð var í sár ef á þurfti að halda (bankað niður með klóru). Notast var við bent fræ.

Vélar, tæki og framkvæmdir

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar var ákveðið að ráðast í talsverðar framkvæmdir og fjárfestingar á árinu.

Byggðir voru nýir teigar á sjöundu og tíundu braut. Fyrirhugað er að stækka rauða teiginn á níundu braut í vor. Eftir tilkomu þessara nýju teiga verður hægt að stilla upp mismunandi lengdum á vellinum. Ef kylfingar leika völl sem er t.d. 5.100 metrar þá slá þeir framur á 4., 8., 10. og 16. braut en þegar leikinn er völlur sem er 5.600 metrar. Magnús S. Magnússon smíðaði ný teigmerki sem verða tekin í notkun næsta vor. Færum við Magnúsi bestu þakkir fyrir framtakið.

Klúbburinn fjárfesti í nýrri vél til þess að slá karga. Vélin, sem er frá Toro, kostaði 8.800.000 kr. Vélin slær miklu betur en eldri vélar og var auðvelt að halda karganum vel slegnum allt sumarið. Hér til hliðar má sjá mynd af vélinni þegar hún var afhent klúbbnum.



Golfskálinn var stækkaður með því að byggja yfir pallinn. Kom þessi stækkun virkilega vel út. Klúbburinn fékk smíð í verkið yfir veturinn ásamt því að nokkrir félagar aðstoðuðu við framkvæmdina. Þegar nálgast verklok um vorið tók hópur félaga sig til, málaði skálann og gerði nokkrar breytingar. Ágústa Hera Birgisdóttir fór fyrir hópnum sem málaði og snyrti skálann.

Byggt var nýtt salerni við sjötta teig ásamt því að sett var niður rotþró með siturbeði. Þetta var löngu tímabært og mæltist vel fyrir.

Margir félagar komu að þessum framkvæmdum. Það hefur verið virkilega skemmtilegt að vinna með þeim stóra hópi sem hefur verið tilbúinn að aðstoða við allar þessar framkvæmdir á árinu. Sérstaklega ber þó að þakka Ágústu Heru Birgisdóttur, Ólafi Hauki Guðmundssyni, Hlyni Birgissyni, Sigurði Ben Guðmundssyni, Stefáníu Arnardóttur, Þórði Dagssyni, Guðmundi Stefáni Jónssyni, Elínu Reynisdóttur, Lilju Héðinsdóttur og Eddu Sigríði Hólmsteinsdóttur fyrir þeirra framlag í þessum framkvæmdum.

Rekstur

420 félagar eru nú skráðir í klúbbinn. Óbreytt fyrirkomulag var á aðgengi að vellinum. Sala á flatargjöldum var nærri tvöföld frá því sem hún var árið áður. Aðsókn í mót var ágæt.

Niðurstaða rekstrarins er mjög góð. Hagnaður er af rekstri klúbbsins og hafa eignir hans aukist en eins og áður er klúbburinn skuldlaus. Eignir klúbbsins eru um 39.000.000 kr. og þar af er um 17.000.000 kr. innstæða á bankabók. Hagnaður ársins er um 4.200.000 kr. en ákveðið var að eignfæra ekki kostnað við stækkun á golfskálanum vegna óvissu um hvort klúbburinn fái þann kostnað til baka. Ef kostnaðurinn við stækkun á golfskálanum væri eignfærður þá væri hagnaðurinn rúmlega 9.000.000 kr. Þá má geta þess að klúbburinn þarf að greiða leigu fyrir landið, að fjárhæð um 5.600.000 kr. á ári sem er kostnaður sem aðrir golfklúbbar þurfa almennt ekki að bera.

Nýliðanámskeið og unglíngastarf

Klúbburinn stóð fyrir kynningu á golfi fyrir krakka í vor. Í sumar var ennfremur boðið upp á golfleikjanámskeið. Á námskeiðunum var farið yfir sveifluna, stutta spilið, púttin og helstu golf- og siðareglur.

Í framhaldi af golfleikjanámskeiðunum byrjaði hópur af stelpum að æfa hjá klúbbnum. Þær æfa einu sinni í viku yfir veturinn en næsta vor verður æfingum fjölgað. Stefnan er að starta strákahóp sem fyrst. Það er mikilvægt að klúbburinn auki uppbyggingarstarf og reyni að fá fleiri krakka og ungmenni til þess að æfa golf. Við þessa stefnubreytingu mun þjálfarakostnaður hjá klúbbnum aukast.

Golfreglur og dómaramál

Tveir félagar í klúbbnum, þau Sigrún Eir Héðinsdóttir og Karl Johan Brune luku landsdómaraprófi á árinu. Þau höfðu yfirumsjón með dómaramálum hjá klúbbnum. Þeim til aðstoðar voru Elísabet Gunnarsdóttir, Stefanía Arnardóttir og Andri Vigfússon. Það er ótrúlega dýrmætt að klúbburinn skuli hafa svona marga færa dómara í sínum röðum. Dómgæsla í meistaramótinu var t.d. til algjörar fyrirmyndar. Dómararnir voru úti á velli, dæmdu og leiðbeindu.

Verulegar breytingar á golfreglunum tóku gildi í byrjun árs og héldu þau Sigrún og Karl tvær kynningar í golfskálanum þar sem farið var yfir helstu golfreglur.

Mót

Klúbburinn hélt nokkur mót á árinu, tvö opin mót, meistaramót, bikarkeppni, kvennamót og nokkur innanfélagsmót. Bangsamótið var haldið í annað skiptið en þar leika konur á móti körlum. Bangsinn er áfram í bláum fötum eftir mótið í ár.



Klúbbmeistari karla varð Ólafur Hreinn Jóhannesson og klúbbmeistari kvenna varð Heiðrún Harpa Gestsdóttir.



Bikarmeistari karla varð Sigurður Óli Guðnason og bikarmeistari kvenna Ágústa Hera Birgisdóttir.

Vinavellir

Gerðir voru vinavallasamningar við Golfklúbb Borgarness, Golfklúbb Suðurnesja og Golfklúbbinn Hellu.

Stjórn

Stjórn klúbbsins skipuðu Högni Friðþjófsson formaður, Þórarinn Sófusson varaformaður, Pétur Einarsson gjaldkeri, Sigrún Eir Héðinsdóttir ritari, Fríða Björg Leifsdóttir, Karl Ísleifsson og Elín Reynisdóttir meðstjórnendur.

Nefndir

- **Upplýsinganefnd:** Elín Reynisdóttir, formaður, Högni Friðþjófsson og Sigríður Samúelsdóttir. Einar Hjaltason og Sigrún Eir Héðinsdóttir sáu um heimasíðuna www.gse.is.
- **Mótanefnd:** Karl Johan Brune, formaður, Elín Reynisdóttir, Arnar Björnsson, Árni Björn Erlingsson, Elísabet Gunnarsdóttir og Árni Finnsson.
- **Vallarnefnd:** Haukur Guðmundsson, formaður, Högni Friðþjófsson og Pétur Einarsson.
- **Aganefnd:** Þórarinn Sófusson, formaður, Örn Andrésson og Gunnlaugur Guðjónsson.
- **Forgjafarnefnd:** Einar Sigurðsson, formaður, Valdimar Axelsson og Pétur Einarsson.
- **Kvennanefnd:** Ágústa Hera Birgisdóttir, formaður, Edda Sigríður Hólmsteinsdóttir og Stefanía Arnardóttir.
- **Framtíðarnefnd:** Hörður Þorsteinsson, formaður, Kristín Hrönn Guðmundsdóttir, Jóhann Gunnarsson og Hrafn Guðlaugsson.
- **Dómaranefnd:** Sigrún Eir Héðinsdóttir, formaður, Karl Johan Brune, Elísabet Gunnarsdóttir, Stefanía Arnardóttir og Högni Friðþjófsson.
- **Karlstarfið:** Árni Björn Erlingsson, formaður, Arnar Björnsson og Haukur Guðmundsson.

Hola í höggi

Linda Hlín Þórðardóttir, 2. hola, Hermundur R. Sigurðsson, 2. hola, Karl Lilliendahl Viggósson 5. hola, Vilmundur Sigurðsson, 8. hola og Ríkharður Gústavsson, 8. hola, skv. upplýsingum á heimasíðu Einherjaklúbbsins en kylfingar sjá sjálfir um að tilkynna afrekið.

Sveitakeppni Gólfbands Íslands

Karlasveit klúbbsins spilaði í 2. deild sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Vestmannaeyja. Sveitina skipuðu Hrafn Guðlaugsson, Ólafur Jóhannesson, Þorsteinn Erik Geirsson, Hjörtur Brynjarsson, Siggeir Vilhjálmsson, Jón Bjarki Oddsson og Sveinn Gunnar Björnsson. Liðsstjórar voru Högni Friðþjófsson og Sigurður Óli Guðnason. Sveitin endaði í 3. sæti og leikur því áfram í 2. deild á næsta ári.



Kvinnasveit klúbbsins í öldungaflokki spilaði í 2. deild sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Öndverðarness. Liðið skipuðu Lovísa Hermannsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Herdís Hermannsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Helga Sigurðardóttir og Elín Reynisdóttir. Liðsstjóri var Heiðrún Harpa Gestsdóttir. Liðið endaði í 6. sæti og leikur því aftur í 2. deild á næsta ári.





Karlasveit klúbbsins í öldungaflokki spilaði í 2. deild sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbum Flúðum. Sveitina skipuðu Gunnar Ármannsson, Ólafur Haukur Guðmundsson, Sigurður Óli Guðnason, Jón Sigurðsson, Andrés Þórarinnsson, Héðinn Gunnarsson, Árni Þór Freysteinnsson og Árni Björn Erlingsson sem jafnframt var liðsstjóri. Sveitin spilaði um þriðja sætið við Golfklúbb Vatnsleysustrandar. Eftir 18 holur var staðan jöfn og þurfti því að leika bráðabana um þriðja sætið þar sem Golfklúbbur Vatnsleysustrandar hafði betur.

Starfsmenn klúbbsins

Þorsteinn Erik Geirsson og Friðþjófur Einarsson voru starfsmenn á vellinum.

Um rekstur á golfskála sá Sigríður Lilja Samúelsdóttir. Jón Sigurðsson sá um að vakta skálann og völlinn yfir veturinn.

Framtíðarsvæði fyrir starfsemi klúbbsins

Á þingi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar s.l. vor var samþykkt að setja uppbyggingu á nýjum golfvelli, á svæðinu vestan við Hvaleyrarvatn, fyrir Golfklúbbinn Setberg, inn á forgangsröðun bandalagsins.

Formaður framtíðarnefndar klúbbsins hefur í framhaldinu átt samtöl og fundi með bæjaryfirvöldum og þrýst á að bærinn gefi út viljayfirlýsingu um að farið verði í verkefnið. Fyrstu skref eru að klára skipulagningu á svæðinu. Lagt er til að klúbburinn ráðist í vinnu á næsta ári við að kynna verkefnið og að fenginn verði landslags- og golfvallahönnuður til þess að gera kynningu á þeim hugmyndum að nýtingu svæðisins sem hafa verið ræddar. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna þessa í fjárhagsáætlun klúbbsins.

Breyting á forgjafarreglunum og golfbox

Þann 1. janúar n.k. taka gildi talsverðar breytingar á forgjafarreglunum. Þessum breytingum er m.a. ætlað samræma mismunandi forgjafarkerfi og að gera forgjöfina réttari.

Nýtt forrit, Golfbox, mun taka við af golf.is á næsta ári. Nýja forritið býður upp á talsvert fleiri möguleika en golf.is hefur boðið upp á. Fulltrúar klúbbsins munu sækja námskeið á næstunni til þess að læra á kerfið.

Um leið og þetta liggur fyrir mun klúbburinn standa fyrir kynningum fyrir félagamenn.

Upplýsingagjöf

Í sumar var, líkt og s.l. sumar, sent fréttabréf einu sinni í viku á póstlistann þar sem farið var yfir dagskrá vikunnar. Fréttabréfið ásamt öðrum upplýsingum var ennfremur birt á facebook síðu klúbbsins Alli R í GSE.

Helstu framkvæmdir framundan og fjárfestingar

Fyrir liggur að klára og taka í notkun nýja teiga, laga brýr, byggja upp stíga og bæta snyrtimennsku á vellinum. Bæta má hluti eins og ruslatunnur, bekki o.s.frv. Skoðað verði hvernig megi stækka og bæta bílastæðið. Ennfremur þarf að kaupa nýjar mottur og bolta fyrir æfingasvæðið.

Lagt er til að keypt verði ný sláttuvél til þess að slá flatir. Sú vél sem notuð hefur verið á flatirnar verði nýtt til þess að slá teiga og í kringum flatir.

Í fjárfestingaáætlun fyrir næsta ár er m.a. gert ráð fyrir framangreindum atriðum.

Þjónustukönnun Golfsambands Íslands

Í haust lét Golfsambandið framkvæma þjónustukönnun meðal félagsmanna í golfklúbbum innan vébanda sambandsins. Það er virkilega ánægjulegt að okkar klúbbur skorar mjög hátt í spurningum um félagsanda, viðmóts starfsfólks, umhirðu golfvallar, vallarsvæðið almennt og verðlagningu. Þau atriði sem má bæta skv. könnuninni eru t.d. æfingaaðstaða, barna- og unglíngastarf, aðgengi að golfkennslu og leikhraði. Eins og fram hefur komið fyrr í skýrslunni er stefnan að bæta aðstöðu til æfinga og efla til muna barna- og unglíngastarf. Það er þó mikilvægast að við höldum fast í að hafa félagsandann góðan þannig að félögum líði vel í klúbbnum okkar.

Félagsstarfið

Á árinu tókst að gera margt og hafa félagsstarfið fjölbreytt, enda hafa margir verið tilbúnir að hjálpa til. Það er ótrúlega skemmtilegt að vinna í starfinu þegar samstarfið er með þessum hætti. Við höfum skipt með okkur verkum og t.d. hafa þeir aðilar sem eru í forsvari fyrir karla- og kvennastarfið leitt það af mikilli fagmennsku. Þar sem þetta starf er orðið svo stór hluti af starfsemi klúbbsins eru sérstakar skýrslur frá þessum aðilum.

Vonandi eru þeir sem hafa unnið ómetanlegt starf fyrir klúbbinn tilbúnir að gera það áfram. Ennfremur er óskandi að fleiri séu tilbúnir að slást í þann hóp.

Takk fyrir samstarfið á árinu.

Högni Friðþjófsson formaður.

Kvennastarfið

Skýrsla frá kvennanefndinni:

Konurnar byrjuðu starfið á árinu með púttæfingum og keppni í Hraunkoti. Stefnt var á að hittast tíu sinnum frá lokum janúar til byrjunar apríl en síðasti tíminn var felldur niður sökum dræmrar þátttöku.

Púttmeistari ársins 2019 er Lovísa Hermannsdóttir.



Kvennastarfinu um sumarið var síðan startað í breyttum Setbergsskála þann 10. maí með metþátttöku. Alls mættu 50 konur á þennan viðburð.

Ákveðið var að brjóta þetta aðeins upp og vera með Pop-up markað frá Under Armour sem var mjög skemmtilegt. Drög að sumardagskrá voru kynnt, borðaður góður matur og Þorsteinn Gunnlaugsson (Steini okkar) kom og tók nokkur lög við mikinn fögnuð. Mikil ánægja var með kvöldið sem og breytinguna á skálanum. Það má segja að þetta kvöld hafi endurspeglað sumarið, mikil þátttaka, gleði og samhugur, sem var ríkjandi í kvennastarfinu allt sumarið.

Kvennagolfið fór svo af stað á mánudögum eins og áður þann 13. maí og var leikið alla mánudaga til 30. september. Mætingin var mjög góð.

Við gerðum nokkrar breytingar á hinu hefðbundna mánudagsgolfi og felldum t.d. niður 500 kr. gjaldið. Þess í stað hækkuðum við mótsgjaldið í mótunum okkar til að fá inn fyrir verðlaunum. Við vorum með fjölbreytta golfleiki s.s spottaleik, nándarverðlaun, litaðan bolta, högggleik og punktakeppni. En einnig var leikið hefðbundið golf. Skipst var á að spila fyrri níu og seinni níu. Margar konur í klúbbnum höfðu svo til eingöngu spilað fyrri níu holurnar og þar sem við höfðum það markmið að ná sem flestum í öll mót þá var gott að þekkja bæði fyrri og seinni níu.

GSE konur fóru í Leiruna í heimsókn til GS kvenna 24. júní. Veðrið lék við þær og voru um 80 konur samtals frá báðum klúbbum skráðar í mótið. Sætin í rútunni voru fljót að fyllast og keyrði Kristján Ólason okkur. Frábært og vel heppnað mót hjá GS konum, gleði og ánægja með daginn sem skilaði sér algjörlega þegar GS konur komu svo í heimsókn í Setbergið 22. júlí. Mæting þá var ekki síðri en 80 konur voru á vellinum. Spilaður var einn hringur á litla vellinum og einn hringur á stóra vellinum. Góður matur

borðaður, vegleg verðlaun veitt og frábær stemmning í alla staði. Eftir samtal við kvennanefnd GS voru allar sammála um að vel hafi tekist til með heimsóknir á milli þessara klúbba og ekki annað hægt en að hlakka til sumarsins 2020.

Frá heimsókn GS kvenna til GSE kvenna:



Við í kvennanefndinni settum okkur það markmið að auka þátttöku kvenna í mótum og þá einkum í bikarkeppninni og meistaramótinu. Það tókst bara nokkuð vel og er markmiðið á næsta ári að fá enn fleiri til að taka þátt. A.m.k. er nokkuð langt síðan að eins margar konur hafa tekið þátt í báðum þessum mótum.

Úrslit í kvennaflokki í mótum klúbbsins, s.s. meistaramóti og bikarkeppni, má sjá í skýrslu formanns og úrslitum.

Á myndinni má sjá sigurvegara í innanfélagsmóti sem var haldið þann 12. ágúst (níu holu mót). Þrátt fyrir hávaðarok mættu 45 konur og sigurvegarar í mótinu voru:



1. Svava Ásdís Steingrímsdóttir
2. Lovísa Hermannsdóttir
3. Sigríður Gestsdóttir

Lokamótið/hófið var síðan haldið á Gufudalsvelli í Hveragerði 31. ágúst. Góð mæting var og veðrið bara nokkuð gott. Endaði þó á hellirigningu sem ekki var búið að spá fyrir. Spilaðar voru 18 holur og voru 2 forgjaflokkar eins og áður, þ.e.yfir 28 og undir 28 í forgjöf.

Úrslit:

Undir 28 í forgjöf:

1. Herdís Sigurjónsdóttir
2. Valgerður Bjarnadóttir
3. Elín Reynisdóttir

Yfir 28 í forgjöf:

1. María Ólafsdóttir
2. Stella K. Víðisdóttir
3. Ágústa Hera Birgisdóttir

Eftir hringinn var borðaður frábær matur að hætti Hvergerðinga og hélt staðarhaldari vel utan um mótið og veisluna á eftir. Þar sem við vorum búnar að hugsa vel út í verðlaun sumarsins og höfðum góð tengsl þá gátum við veitt mjög flott verðlaun. Aðal styrktaraðilinn á þessu móti var Vera Design skartgripahönnun.



Kristján Ólason okkar keyrði okkur í þessari ferð og sá hann til þess að við enduðum á BAR í gróðurhúsi í Hveragerði þar sem stemningin var frábær. Þar var stoppað, sagðar sannar skemmtisögur og svo mikið hlegið að flestar voru komnar með hláturskrampa og táraflóð. Meira að segja maskarar voru farnir að streyma niður kinnar með hláturstárum. Þegar heim var komið vorum við konurnar ekki búnar að fá nóg og var Sigga tilbúin að taka á móti blaðurskellandi, skemmtilegum konum í skálann. Það var yndislegt að klára daginn í fallega skálanum okkar.



„Birdie“- krukkan var á sínum stað og mikill fjöldi af miðum eftir sumarið. Birdie meistari 2019 er Elín Reynisdóttir.

Einstaka karlmaður skilaði inn miðum í krukkuna okkar og bara gaman að því.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um fasta þúttíma eftir áramót. Mögulega verður boðið upp á stutt þúttnámskeið með kennara sem gæti verið skemmtileg tilbreyting.

Á lokamóti/hófi var núverandi nefnd kosin áfram ásamt því að Guðný Ósk Hauksdóttir bættist við og tókum við því fagnandi.

Golfsumarið 2019 hefur verið einstaklega skemmtilegt, uppbyggjandi og fræðandi. Við sem vorum í nefndinni höfðum aldrei áður skipulagt mót og þökkum við Elínu Reynisdóttur fyrir að vera ávallt tilbúin að aðstoða okkur með uppsetningu, skráningu og annað sem þurfti. Við viljum einnig þakka Kristjáni Ólasyni fyrir að keyra okkur og Þorsteini Gunnlaugsyni fyrir að syngja og spila fyrir okkur. Við þökkum einnig öllum þeim frábæru konum sem tóku þátt í að gera mótin og golfið svona skemmtilegt. Án þeirra væri ekkert kvennagolf.

Um leið og við viljum þakka öllum félögum fyrir frábært ár þá langar okkur að óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegrar hátíðar og heillaríks komandi golfárs. Ekkert annað en að fara að hlakka til komandi árs 2020.

Lifið heil.

Ágústa Hera Birgisdóttir

Edda Sigríður Hólmeirsdóttir

Stefanía Arnardóttir.

Karlastarfið

Skýrsla frá karlklúbbum

Sumarið byrjaði með trompi og voru Suðurnesjamenn heimsóttir og stofnað til vinasambands með þeim ágætu mönnum. Ferðin heppnaðist vel og fóru yfir 30 leikmenn frá okkur í rútu með meistara Kristjáni Ólasyni, þetta kallast nú Hrútsmótið og er keppt heima og að heiman.

Það hefur verið rífandi gangur í karlastarfinu og voru á bilinu 20-50 manns að mæta á þriðjudögum. Mismunandi leikfyrirkomulag var leikið og ýmsir leikir. Sennilega var Shoot out-ið skemmtilegasta fyrirkomulagið og best heppnaða.



Við fórum saman í rútu á Flúðir og aftur var það meistari Kristján Ólason, sem sá um rútumálin, þar sáu menn og sigruðu í Flúðasveppamótinu fyrir kylfinga 40 ára og eldri.

Karlarnir kepptu svo við dömurnar í klúbbum í bangsamótinu og segir myndin allt sem segja þarf um það 😊



Svo kom að hinu alræmda fótþoltamóti þar sem barist var um heiðurinn, en sagan segir að þeir sem unnu það mót hafi verið getnir á Setbergsvelli. Þeir voru greinilega öllum hnútum kunnugir og unnu með glæsibrag fyrir Tottenham að okkur skilst og minnir!



Vertíðinni lauk svo með komu Suðurnesjamanna og áttum við á brattann að sækja þar sem þeir höfðu talsvert forskot eftir fyrri umferðina sem fram fór á Suðurnesjum. Setbergsmenn unnu seinni viðureignina en Suðurnesjamenn unnu samanlagt. Tóku þeir því heim með sér Hrútshornið sem er verðlaunagripur sem Magnús S. Magnússon hannaði og gaf Karlaklúbbnum og á hann þakkir skildar fyrir það. Ætlum við að gera allt til að ná horninu í okkar skála á næsta ári.

Ný vertíð er þegar byrjuð í golfhermum hjá nágrönnum okkar í GK, en þar eru hluti af okkar mönnum í karlaklúbbnum með fastan tíma einu sinni í mánuði þar sem keppt er af hörku.

Við þökkum öllum þeim sem studdu og stunduðu í sumar og ætlum við að gera fullt af skemmtilegum hlutum á næsta ári, þar má nefna að stefnt er á að heimsækja Vestmannaeyjar, Borgarnes og svo að sjálfsgöðu heimsækjum við Suðurnesin í Hrútsmótinu.



Kær kveðja Arnar og Árni

Úrslit móta 2019

Reisugilli – 3. maí

Punktamót:

- | | | | |
|----|--------------------|---|---------|
| 1. | Pórður Gíslason | – | 22 pkt. |
| 2. | Rúnar Gunnarsson | – | 19 pkt. |
| 3. | Herdís Hermannsson | – | 18 pkt. |

Forkeppni bikars – 29. maí

Punktamót - karlar

- | | | | |
|----|----------------------------|---|---------|
| 1. | Edward Alexander Eiríksson | – | 25 pkt. |
| 2. | Gunnar Þór Ármannsson | – | 20 pkt. |
| 3. | Guðmundur S Guðmundsson | – | 20 pkt. |

Punktamót - konur

- | | | | |
|----|--------------------------|---|---------|
| 1. | Ágústa Hera Birgisdóttir | – | 23 pkt. |
| 2. | Stefanía Arnardóttir | – | 20 pkt. |
| 3. | Guðný Ósk Hauksdóttir | - | 19 pkt. |

Under Armour – 10. júní

Punktar.

- | | | | | |
|----|---------------------------|-----|---|---------|
| 1. | Högni Friðþjófsson | GSE | – | 42 pkt. |
| 2. | Guðmundur R Lúðvíksson | GSE | – | 41 pkt. |
| 3. | Ársæll Óskar Steinmóðsson | GSE | – | 39 pkt. |

Jónsmessa – 22. Júní - Setbergsscramble

- sæti: Guðrún, Guðmundur, Héðinn og Sólveig á 61 höggi
- sæti: Edda, Eggert, Helga og Sigurður á 61 höggi.
- sæti: Gunnar Þór, Halla, Haraldur, og Heiðrún á 62 höggum.

Meistaramót GSE – 4. – 8. júlí

72 holur – Höggleikur

Meistaraflokkur karla

- | | | |
|------------------------------|---|-----------|
| 1. Ólafur Hreinn Jóhannesson | – | 288 högg. |
| 2. Hrafn Guðlaugsson | – | 392 högg. |
| 3. Hjörtur Brynjarsson | – | 301 högg. |

Fyrsti flokkur karla

- | | | |
|--------------------------|---|-----------|
| 1. Einar Sigurðsson | – | 340 högg. |
| 2. Sigurður Óli Guðnason | – | 349 högg. |
| 3. Jón Karl Björnsson | – | 352 högg. |

Annar flokkur karla

- | | | |
|-----------------------------|---|-----------|
| 1. Hörður Pétursson | – | 349 högg. |
| 2. Sigurður Ben Guðmundsson | – | 351 högg. |
| 3. Guðmundur Stefán Jónsson | – | 362 högg. |

Þriðji flokkur karla

- | | | |
|----------------------------|---|-----------|
| 1. Heiðar Rafn Sverrisson | – | 374 högg. |
| 2. Guðmundur S Guðmundsson | – | 379 högg. |
| 3. Logi Guðmundsson | – | 382 högg. |

Fjórdi flokkur karla - punktar

- | | | |
|--------------------------|---|----------|
| 1. Eiríkur Sigurðsson | – | 145 pkt. |
| 2. Sigfús Helgi Helgason | – | 135 pkt. |
| 3. Þorsteinn Arnalds | – | 125 pkt. |

Kvennaflokkur - höggleikur

- | | | |
|------------------------------|---|-----------|
| 1. Heiðrún Harpa Gestsdóttir | – | 396 högg. |
| 2. Elín Reynisdóttir | – | 401 högg. |
| 3. Herdís Hermannsdóttir | – | 403 högg. |

Kvennaflokkur – 4 dagar - punktar

- | | | |
|--------------------------------|---|----------|
| 1. Kristín Inga Sigvaldadóttir | – | 122 pkt. |
| 2. Ágústa Hera Birgisdóttir | – | 119 pkt. |
| 3. Anna Sigurjónsdóttir | – | 117 pkt. |

Kvennaflokkur – 3 dagar - punktar

- | | | |
|------------------------------------|---|---------|
| 1. Helga Ívarsdóttir | – | 93 pkt. |
| 2. Margrét Ósk Guðjónsd. Sivertsen | – | 91 pkt. |
| 3. Sigríður Lovísa Gestsdóttir | – | 85 pkt. |

Öldungaflokkur – 3 dagar - punktar

- | | | |
|---------------------------|---|---------|
| 1. Brynjar Sigtryggsson | – | 94 pkt. |
| 2. Jakob Skafti Magnússon | – | 93 pkt. |
| 3. Jónas Ágústsson | – | 90 pkt. |

Opna Setbergsmótið – 6. ágúst

Punktur

1. Guðmundur S Guðmundsson GSE – 39 pkt.
2. Sigurður Ben Guðmundsson GSE – 39 pkt.
3. Sigurbór Sigurðsson GKG – 39 pkt.

Besta skor án forgjafar

1. Sveinn Gunnar Björnsson GSE – 74 högg.

Fótboltamótið – 11. ágúst

Texas scramble

1. Sæti: Hákon Pétursson og Hörður Pétursson 49 Högg **Tottenham**
2. sæti: Eiríkur Sigurðsson og Karl Johan Brune 51 Högg
3. sæti: Þorsteinn Erik Geirsson og Högni Friðbjófsson 53 Högg



Hákon Pétursson og Hörður Pétursson, Tottenham

Bangsamótið – 12. september

Karlarnir unnu og er bangsinn því áfram í **bláum** fötum næsta árið.

Bændaglíma – 30. september - Setbergsscramble



Sigurvegarrar í Bændaglímunni 2019

Bikarmeistari karla: Sigurður Óli Guðnason

Bikarmeistari kvenna: Ágústa Hera Birgisdóttir